

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1609
komudagur 31. 3. 2004



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

26. mars, 2004

**Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar
um afdrif laxa í sjó, 284 mál:**

Rannsóknir á sjávarvist laxa eru flókið og yfirgripsmikið verkefni. Hafsvæðið er nánast norðurhöfin öll frá Barentshafi/Hvítahafi að austan og vestur yfir Atlantshafið að austurströnd Bandaríkjanna, Nýja Englandi, Lawrenceflóa og Quebec. Svæðið nær suður að Asturias á norðurströnd Spánar og norður í Íshaf þar sem yfirborðshitastig er um 2 - 3°C, en venjulega heldur laxinn sig á fæðuslóðum þar sem yfirborðshitinn er 4 - 8°C.

Heildarfjöldi laxa sem gengur í heimaárin eftir að hafa dvalið 1, 2, 3 eða 4 ár í sjó er aðeins um 500.000 til 1.000.000 á ári hverju og er þá eingöngu átt við villta laxa. Laxinn getur synt tugi kílómetra á dag og rafmerki og tækni til að fylgjast með löxum í hafi eru ennþá mjög ófullkomin fyrir svo risavaxið verkefni. Mikilvægt er þó að styrkja verkefni Stjórnu-Odda sem hefur náð athyglisverðum árangri í þróun rafmerkja. Áður en lagt er í kostnaðarsamar aðgerðir er betra að vanda til undirbúnings en það getur tekið nokkur ár og má ekki búast við miklum árangri fyrr en að áratugum liðnum.

Með tilkomu kaupa NASF, verndarsjóðs villtra laxastofna, á veiðihlunnindum á laxi í sjó hefur dregið mjög úr veiðunum. Hjálagað fylgiskjal sýnir útbreiðslu þessarra verkefna og víða um heim eru á þessum stöðum stofnar farnir að rétta úr kútnum. NASF telur sig þurfa a.m.k. 3 - 5 ár til viðbótar til að ná megninu af þeim veiðiréttindum í sjó sem eftir eru. Þegar þessu verkefni er lokið verða rannsóknir á laxi í sjó marktækari og þær fá aukinn tilgang. Þá getur verið tímabært að hefja framkvæmdir en fram að því er hagkvæmara að nýta tíma og fjármagn í vandaðan undirbúning.

Allar rannsóknir á hafi úti eru í eðli sínu afar dýrar. Því er rétt að láta fara fram mikla undirbúningsvinnu áður en rannsóknum í hafi er hrundið í framkvæmd. Þetta má gera m.a. með því að setja upp stýrihópa manna með hagnýta þekkingu á sjávarútvegi og hafrannsóknum, með hugmyndavinnu (discovery program) hjá námsmönnum, með markvissri upplýsingasöfnun, með tilraunaverkefnum í veiðum og vinnslu í samvinnu við iðnaðinn og fl. Einnig gæti verið hentugt að fá iðnaðinn í samvinnu við frekari söfnun á ýmsum grunnupplýsingum. Sem dæmi um áhugaverðar rannsóknir sem sparað gætu mikla fjármuni má nefna rannsóknir á efnasamsetningu hreisturs laxa en hreistur geymir mikilvægar upplýsingar um fæði og umhverfi laxa sem lesa má í réttri tímaröð líkt og áhringi tjáa. Slíkar rannsóknir geta leyst af hólmi marga randýra leiðangra á fæðuslóðir laxa og eru þegar farnar í gang í Háskólunum í Portsmouth og Southampton í Englandi.

Í greinargerð með frumvarpinu er ranglega talað um NASCO sem stofnun sem hefur keypt veiðiréttindi í sjó. Þarna er greinilega á ferðinni saklaus misskilningur en það er NASF, verndarsjóður villtra laxastofna, sem hefur unnið þetta starf en NASCO hefur ekki heimildir til að gera slíkt. NASCO er milliríkja (inter-governmental) -ráðgjafastofnun sem hefur það helsta hlutverk að ákvarða sjávarkvóta Færeyinga og Grænlandinga sem NASF hefur að nær öllu keypt upp frá árinu 1991. NASF er aftur á móti bandalag náttúruverndarhópa þar sem einkaaðilar og opinberir aðilar sameinast í ákörðunartöku um að endurreisa villta laxastofna í þá sögulegu gnótt sem þar ríkti áður. Nær væri að Ísland, Færeyjar og Grænland segðu sig úr NASCO en þannig mætti spara tugmilljónir króna árlega því NASCO er Íslendingum dýrara en samanlagður kostnaður landsins við allar aðrar alþjóðlegar sjávarstofnanir sem landið er aðili að! Sparnaðinn mætti að sjálfsögðu nota í rannsóknir á laxi í sjó. Jafnframt er rétt að benda á að hagsmunaaðilar á Íslandi telja sig ekki hafa haft nein not af NASCO síðastliðinn áratug eða lengur.

Þingsályktunartillagan tilgreinir mikilvæg verkefni og er rétt að taka undir þessa meginþætti: (1) mælingar á umhverfisþáttum, (2) beitarsvæði í sjó og (3) lax- og fjölstofnarannsóknir. Án mikils og vandaðs undirbúnings er einfalt að sóa verulegum fjármunum. Því leggjum við til að áður en farið er í slík verkefni verði sett á laggirnar undirbúningsnefnd sérfræðinga í greiningu rannsóknarverkefna, óháðra líf- og fiskifræðinga og aðila með reynslu í stjórnun lax- eða fiskiverkefna.

Mikilvægt er að skilgreina rannsóknarverkefnið mjög vel og að það einskorðist við afdrif villtra laxa í sjó en varað skal við að blanda því saman við hagsmuni fiskeldis. Einnig er rétt að vara fjármögnunaraðila við þeirri gríðarlegu áhættu sem er fylgifyiskur verkefna af þessu tagi. Þá er að lokum varað við þeim fjölmörgu rannsóknarverkefnum á laxi sem nágrannaþjóðirnar eru með í undirbúningi en þátttaka í þeim getur kostað litla þjóð ómælda fjármuni án þess að nokkur sýnilegur árangur komi úr þeim.

Ef vel og faglega er á málum haldið gæti hér verið vísir að þýðingarmiklu verkefni sem haft getur mikilvægt fordæmisgildi fyrir stjórn fiskveiða á alþjóðlegum vettvangi.

Orri Vigfússon,
Formaður NASF, verndarsjóðs villtra laxastofna